



Til: Bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar

Frá: Íshestum ehf

Erindi: Boð um sölu hesthúss til notkunar fyrir Félagshús Hestamannafélagsins Sörla

Hafnarfjörður, 7. september 2021

Íshestar hófu starfsemi fyrir tæpum 40 árum og hefur fyrirtækið síðan verið leiðandi á sviði hestatengdrar ferðaþjónustu á Íslandi. Undanfarin 20 ár hefur starfsemin verið rekin frá höfuðstöðvum Íshesta að Sörlaskeiði 26 í Hafnarfirði. Þaðan býður félagið viðskiptavinum sínum upp á reiðtúra og stuttar ferðir og tekur þar árlega á móti allt að 25 þúsund erlendum gestum (í eðlilegu árferði) auk þess að skipuleggja, reka og selja í hálendisferðir víða um land. Undanfarin tvö ár hafa litast af neikvæðum áhrifum Covid-19 faraldursins og hefur félagið þurft að grípa til ýmissa ráðstafana af þessum sökum. Rekstur félagsins hefur verið endurskipulagður og kostnaður skorinn verulega niður samhlið því að leiða hefur verið leitað til að bæta nýtingu eigna og afla nýrra tekna, m.a. með útleigu hluta fasteigna (þ.á.m. til Hestamannafélagsins Sörla). Þá hefur verið lagt kapp á að byggja upp starfsemi Reiðskóla Íshesta sem býður upp á námskeið og þjálfun, einkum fyrir börn og unglunga, og er í dag stærsti reiðskóli á Íslandi.

Íshestar og Hestamannafélagið Sörli hafa um árabil átt í margvíslegu samstarfi. Sörli hefur m.a. leigt húsnæði af Íshestum undir félagshús Sörla og félögin hafa unnið saman að rekstri reiðnámskeiða fyrir börn á sumrin. Samstarfið hefur aukist og styrkts undanfarin tvö ár og sjá báðir aðilar mikil tækifæri til frekara samstarfs í framtíðinni sem gæti m.a. falist í samnýtingu aðstöðu, tækja og hestakosts, sem og margvíslega möguleika varðandi reiðkennslu og -námskeið. Ljóst er að hagsmunir þessara tveggja félaga fara saman á margvíslegan hátt og sjá aðilar fyrir sér að samstarfið muni vaxa enn frekar á komandi árum.

Undanfarna mánuði hafa forsvarsmenn félaganna átt í viðræðum um mögulega sölu Íshesta á 344,5 m² hesthúsi Sörlaskeiði 24 (fastanr.: 224-7035, matshluti:01-01-01). Húsið hýsti m.a. félagshús Sörla sl. vetur og hefur að auki skipað mikilvægan sess í rekstri Íshesta, ekki síst Reiðskóla Íshesta, undanfarin ár. Því er ljóst að mikill missir verður af húsinu fyrir Íshesta, komi til sölu. Engu að síður er félagið tilbúið að íhuga sölu þess að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Í samræmi við það viljrði sem fengist hefur í bæjarráði Hafnafjarðar í hverju felst að Sörli/Hafnafjarðarbær kaupi Sörlaskeið 24 af Íshestum er meðfylgjandi sölutilboð og tillaga Íshesta að útfærslu sölunnar. Tekið er fram að tillagan hefur verið borin undir stjórn Sörla sem er samþykkt þeim skilmálum sem hér koma fram:


- i. Kaupverð nemi kr. 70 milljónum nettó þ.e. allur kostnaður tengdur sölunni (skjalagerð, þinglýsing osfrv.) verði borinn af kaupanda.

- ii. Í því skyni að halda áfram uppbyggingu Reiðskóla Íshesta, fær félagið sjö tveggja hesta stíur til afnota, endurgjaldslaust, næstu þrjú ár. Til að taka af allan vafa munu Íshestar greiða fyrir kostnað vegna nýtingar þeirra (þ.e. hey og spæni).
- iii. Íshestar fái afnot af inniaðstöðu (reiðhöll) í húsinu til kennslu og þjálfunar fyrir börn og unglinga, í samræmi við það sem verið hefur.
- iv. Íshestar fái endurgjaldslaust að setja upp auglýsingaskilti í núverandi og tilvonandi reiðhöll Sörla.
- v. Kapp verði lagt á að klára kaupin sem allra fyrst í því skyni að tryggja að ekki verði truflun á rekstri Reiðskóla Íshesta og félagshesthúsi Sörla.
- vi. Fyrirvari er gerður um að Arion banki (veðhafi) fallist á söluna.

Tekið skal fram að stjórn Hestamannafélagsins Sörla og Íshestar bíða eftir lokaákvörðun Bæjarráðs Hafnafjarðarbæjar svo félögin geti gengið frá samstarfssamningi til næstu þriggja ára.

Virðingarfyllt,

F.h. Íshesta ehf



Magnús Sch. Thorsteinsson, framkvæmdastjóri